

Lesendahornið

Tenglastarfsemi

Hvernig bregst þú við að heyra orðin **Gedvernd, Gedhjálp?** Þú veist lítið um þau, og hefur eflaust öðru að sinna en kynna þér það. Þessi félag hafa sama áhugamál, þ.e. leitast við að hjálpa þeim er hafa við gedraen vandamál að stríða. Það eru streita, þunglyndi (depression), áfengissýki eða alcoholismi, allt eru þetta „fordóma“-sjúkdómar og vill fólk helst hvíslast á um þá, þó þeir teljist til fjölskyldusjúkdóma.

Það er því mikil nauðsyn að kynna almenningi og gefa upplýsingar um meðferð, stofnanir og tengsl við þessa sjúklinga, sem eru mjög næmir og ástand þeirra breytilegt. Það er því mikilvægt að sleppa ekki alveg hendinni af þeim eftir að þeir hafa lokið meðferð og fylgst sé með þeim.

Ég þakka Brynjólfi Ingvarsyni Beatsie og Bergþóru Reynisdóttur góðar móttökur á T-deild FSA er ég kom þar í kynnisferð. Ég er að kynna „Tenglastarfsemi“ eða öllu heldur sjálfboðavinnu. Ég hef verið í Bandaríkjunum undanfarið og unnið á „Volunteer program“ sem felst í að viðkomandi kemur 2 til 4 tíma vissa daga og vinnur með sjúklingunum eða fer með þá út sem eru það hressir. Er þessu stjórnad í samráði við félagsrúðgjafa og annað starfsfólk þessara deilda. Á þetta erindi til skólafólks og kirkjusafnaða. Yfirleitt auglýsa þeir ekki eftir „tenglum“. Brynjólfur læknir sagði góða reynslu hafa fengist hér af þeirra starfi.

Oftast unnum við tvö eða þrjú í hóp ef farið var í smáferðir, skoðuð söfn, farið í leikhús o.fl. Þarna á General Hospital í Tue-

son Az, voru um 25–30 gestir. Þarna voru kvikmyndir mikið sýndar um vandamálið. Einnig voru hársnyrtistofa, leikfimisalur með öllum tækjum og mikið um að fyrirlestrar væru fluttir af sérfræðingum og þeim er hófðu fengið bata og miðludu af reynslu sinni og baráttu við að sigrá sjúkdómana.

Félagið Gedhjálp í Reykjavík hefur fengið marga góða fyrirlestra og síðast dr. Eirík Örn um „Svefnleysi og svefn án lyfja“ og svaraði fyrirspurnum. Mjög nauðsynlegt er að fá slíka fyrirlestra um leið og ég bið Gedverndarfélagi Akureyrar alls góðs og óska að félögum fjölgi.

Besta hjálpin er trú, skilningur, hlýja og hjartasýni. Að hjálpa er besta leiðin til að hjálpa sér sjálfur.

Minna Breiðfjörð
félagi í Gedhjálp í Reykjavík.



Minna Breiðfjörð